

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Úthlið, verslunar- og þjónustusvæði - Vörðás 5-9.*

Deiliskipulagsbreytingin tekur til svæðis sem tekur til lóða Vörðás 5, 7 og 9 í Úthlið. Verið er að fella svæðið úr gildandi deiliskipulagi frá 1993 því ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag þar í stað þess að vinna breytingu á gildandi skipulagi svæðisins. Nýtt deiliskipulag fyrir Vörðás 5-9 tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 22. apríl 2024.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. nóvember 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. maí 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 31. maí 2024